## 1947 nr. 15 12. mars
## Forsetabréf um heimild íslenskra ríkisborgara til að bera erlend heiðursmerki

**Tók gildi 1. júlí 1947.**

■ **1. gr.** Íslenskir ríkisborgarar, sem hér eftir kunna að verða sæmdir erlendum heiðursmerkjum, skulu áður en eða jafnframt því að þeim berst heiðursmerkið í hendur, leita leyfis forseta Íslands til að veita því viðtöku og bera það.

■ **2. gr.** Umsóknir um slík leyfi skulu stílaðar til forsetans og sendar forsetaritara, sem annast fyrirgreiðslu þeirra.

ELDRI ÚTGÁFA